



Til: jon@skipulag.is
Afrit: jakob@skipulag.is
Efni: Athafnasvæði Björgunar í Álfsnesvík - frummatsskýrsla
Upplýsingar: Sent: 24-09-2019 11:12:04 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019080027, Bréfalyklar: 42-0 almennt

Tilvísun í mál: 2019080027

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 28. ágúst sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frummatsskýrslu vegna athafnasvæðis Björgunar í Álfsnesvík.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir frummatsskýrsluna og telur miðað við hlutverk stofnunarinnar og staðsetningu, eðli og umfang fyrirhugaðrar framkvæmdar að frummatsskýrslan lýsi framkvæmdinni og áætluðum umhverfisáhrifum hennar nægjanlega vel svo byggja megi á henni matssskýrslu. Rétt er að benda á að á bls. 64 í frummatsskýrslunni er vísað í valista fugla frá árinu 2000. Nýr valisti var gefinn út 2018 sjá hér <https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla> .

Í frummatsskýrslunni er ekki fjallað um vöktun en að mati Náttúrufræðistofnunar er eðlilegt að fylgst sé með t.d. hvort niðurstöður frummatsskýrslu um áhrif á Þerney reynist réttar. Einnig er rétt að leyfisveitendum verði gert að fylgjast mjög vel með því að framkvæmdir almennt valdi sem minnstri röskun. Náttúrufræðistofnun telur þetta afar mikilvægt, verði af þeim framkvæmdum sem hér eru kynntar og einnig í ljósi annarrar nýtingar til framtíðar s.s. að Sundabraut er fyrirhuguð á þessu svæði, að gengið sé um umrætt landsvæði með eins varfærnislegum hætti og mögulegt og þess gætt að raska sem minnst náttúru- og menningarminjum. Má þar t.d. nefna tjörn/lón við botn Álfsnesvíkur.

Að öðru leiti gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemdir við frummatsskýrsluna.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is

